

## Tillaga til þingsályktunar

um griðasvæði hvala í Faxaflóa.

Flm.: Mörður Árnason, Birgitta Jónsdóttir, Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að griðasvæði hvala í Faxaflóa verði stækkað, frá Eldey í suðri að ysta odda Snæfellsness í norðri, og enn fremur tryggt griðasvæði hvala fyrir Norðurlandi þar sem hvalaskoðun hefur verið vaxandi atvinnugrein. Enn fremur felur Alþingi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að setja heildstæðar reglur um framkvæmd og skipulag hvalaskoðunar.

### Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur hvalaskoðun orðið að æ mikilvægari grein innan ferðamennskunnar. Nýlega sendu Hvalaskoðunarsamtök Íslands frá sér ályktun þar sem þau vöktu athygli á því „að yfir 70.000 ferðamenn fara á þessu ári í hvalaskoðun frá Reykjavík og um 60.000 frá Norðurlandi“. Þannig er hvalaskoðun orðin ein mikilvægasta grein ferðaþjónustu hér á landi. Um leið vöruðu samtökin við því að haldi hrefnuveiðar á Faxaflóa áfram eins og undanfarin ár sé hætta á því að hvalaskoðun muni leggjast þar af og við slíkri þróun verði að sporna. Samtök ferðaþjónustunnar hafa tekið undir þessi sjónarmið í sérstakri ályktun til menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar þar sem þetta mál er nú til umræðu.

Í þessu ljósi virðist ljóst að verið sé að fórra miklum hagsmunum fyrir litla með veiðum á helstu skoðunarslóðum. Vegna augljóss mikilvægis hvalaskoðunar í ferðaþjónustu er því hér lagt til að Alþingi feli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að stækka griðasvæði hvala í Faxaflóa, og nái frá Eldey í suðri að ysta odda Snæfellsness í norðri, að tryggja samsvarandi griðasvæði hvala fyrir Norðurlandi, og setja heildstæðar reglur um framkvæmd og skipulag hvalaskoðunar.

### Fylgiskjal I.

#### Ályktun aðalfundar Hvalaskoðunarsamtaka Íslands. (27. október 2011.)

Aðalfundur Hvalaskoðunarsamtaka Íslands hvetur sjávarútvegsráðherra til að stækka griðarsvæði hvala á Faxaflóa þannig að það markist af línu sem dregin verði frá Eldey að Öndverðarnesi.

Vegna hrefnuveiða sem stundaðar hafa verið á síðustu árum á Faxaflóa telja samtökin einsýnt að hvalaskoðun muni leggjast af á Faxaflóa ef heldur fram sem horfir. Athygli er vakin á að yfir 70.000 ferðamenn fara á þessu ári í hvalaskoðun frá Reykjavík og um 60.000 frá Norðurlandi.

Einnig þarf að tryggja griðarsvæði hvala fyrir Norðurlandi. Þar er lagt til að dregin verði lína frá Hornbjargi um Grímsey að punkti 12 km norður af Hraunhafnartanga í Font á Langanesi.

Bent er á að Samtök ferðaþjónustunnar hafa ítrekað sent ályktanir um stækkan griðarsvæða hvala en því miður án sýnilegs árangurs.

Hvalaskoðun er orðin ein mikilvægasta afþreying á sviði ferðaþjónustu, því er brýnt að hún líði ekki undir lok vegna aðgerða eða aðgerðarleysis stjórnvalda.

## **Fylgiskjal II.**

### **Ályktun Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).**

(15. nóvember 2011.)

#### **Ályktun Samtaka ferðaþjónustunnar**

Samtök ferðaþjónustunnar hvetja hér með menningar og ferðamálaráð Reykjavíkur til að beita sér fyrir stækkan griðarsvæðis hvala í Faxaflóa þannig að ytri mörk þess nái frá Eldey í suðri að Öndverðarnesi í norðri og að innan þeirrar línu verði hvalveiðar alfarið bannaðar.

#### **Greinargerð**

Undanfarin ár hefur styrr staðið um hvalveiðar við Ísland. Stjórnvöld og almenningur í helstu viðskiptalöndum Íslands eru andvíg veiðunum og hafa þær verið tiltekin ógn við ferðaþjónustuna í landinu. Með vaxandi hvalaskoðun á síðustu 10 árum hafa þar skapast ríkir hagsmunir fyrir ferðaþjónustuna í heild og íslenskan efnahag. Gera má ráð fyrir að um 130.000 ferðamenn hafi farið í hvalaskoðun á þessu ári sem er mesti fjöldi nokkru sinni. Stærstur hluti þessara ferðamanna eða um 70.000 manns fara í ferðir frá Reykjavík. Þann 17. október sendi aðalfundur Hvalaskoðunarsamtaka Íslands frá sér eftirfarandi ályktun:

*Aðalfundur Hvalaskoðunarsamtaka Íslands hvetur sjávarútvegsráðherra til að stækka griðarsvæði hvala á Faxaflóa þannig að það markist af línu sem dregin verði frá Eldey að Öndverðarnesi.*

*Vegna hrefnuveiða sem stundaðar hafa verið á síðustu árum á Faxaflóa telja samtökin einsýnt að hvalaskoðun muni leggjast af á Faxaflóa ef heldur fram sem horfir. Athygli er vekin á að yfir 70.000 ferðamenn fara á þessu ári í hvalaskoðun frá Reykjavík og um 60.000 frá norðurlandi. Einng þarf að tryggja griðarsvæði hvala fyrir norðurlandi. Þar er lagt til að dregin verði lína frá Hornbjargi um Grímsey að punkti 12 sm. norður af Hraunhafnartanga í Font á langanesi.*

*Bent er á að Samtök ferðaþjónustunnar hafa ítrekað sent ályktanir um stækkan griðarsvæða hvala en því miður án sýnilegs árangurs.*

*Hvalaskoðun er orðin ein mikilvægasta afþreying á sviði ferðaþjónustu, því er brýnt að*

### *hún líði ekki undir lok vegna aðgerða eða aðgerðarleysis stjórnvarda.*

Þótt fleiri hafi farið í hvalaskoðun á þessu ári en nokkru sinni eru váleg teikn á lofti. Hvalaskoðendum ber saman um að hrefnan verður æ styggari ár frá ári og er það þegar farið að koma niður á gæðum ferðanna enda hafa nær allar hrefnurnar sem skotnar hafa verið á undanförnum árum verið veiddar við eða rétt utan hvalaskoðunarsvæðisins í Faxaflóa. Ef fer sem horfir er ástæða til að óttast að þessi mikilvægi ferðamannaiðnaður í Reykjavík leggist af innan nokkurra ára með alvarlegum afleyðingum fyrir ferðaþjónustuna í heild sinni.

SAF bendir á að hvalaskoðun er án efa arðbærasta nýting á hrefnu sem völ er á. Uppbyggingin á gamla hafnarsvæðinu í Reykjavíkurhöfn er að miklu leyti til komin vegna hvalaskoðunarinnar og ýmislegt fleira mætti nefna. Því er í húfi margvísleg afleidd ferðaþjónusta í Reykjavík fyrir utan hvalaskoðunina sjálfa. Við bendum einnig á að þar sem slík skref til verndunar hafa verið stigin s.s. í Argentínu, S-Afríku, Nýja Sjálandi og víðar hefur árangurinn verið mikill og ferðaþjónustan öll og viðkomandi samfélög notið góðs af.

Sóknarfæri í hvalaskoðun eru mikil á Íslandi ef greinin fær frið til að vaxa og dafna. Á það skal bent að Ísland er í dag aðeins með um 1% af allri hvalaskoðun í heiminum. Íslendíngar eru svo heppnir að yfir 20 af alls um 80 tegundum hvala synda inn í landhelgina á ári hverju og þá staðreynd er hægt að nýta með jákvæðari hætti en nú er gert. Með því að gera Faxaflóann allan að griðarsvæði hvala væri stigið mikilvægt og jákvætt skref í þá átt að styrkja stoðir hvalaskoðunar í Reykjavík og ferðaþjónustuna í heild sinni.